


skoðun 10

Leita að verkum eftir Birgi

*Bókaútgáfan Crymogea vinnur að útgáfu heildarskrár á verkum Birgis Andréssonar myndlistarmanns.*

fólk 16



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MÁNUDAGUR

26. júlí 2010 — 173. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Símamyndband

*Ísak Winther tók upp heilt tónlistarmyndband á símann sinn.*

fólk 22

## Hótel Djúpavík 25 ára

*Hótelstýran segir líflegt um að vera á sumrin í Djúpavík.*

tímamót 12



## Nýir meistarar í golfinu

*Birgir Leifur Hafþórsson og Tinna Jóhannsdóttir urðu Íslandsmeistarar í golfi.*

sport 18

# Telur óvíst hvort stjórnin lifi

**Þingflokksformaður Vinstri grænna segir það verða að koma í ljós hvort ríkisstjórnin lifir af Magma-málið. Hótanir VG-þingmanna eru samstarfinu ekki til framdráttar að mati þingflokksmanns Samfylkingarinnar.**

STJÓRNMÁL „Það verður bara að fá að koma í ljós,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, spurð hvort hún telji að ríkisstjórnin muni lifa Magma-málið svokallaða af. Þrír þingmenn flokksins, Guðfríður Lilja, Atli Gíslason og Þuríður Backman, hafa um helgina kveðið svo fast að orði að þeir geti ekki – eða tæpast – stutt samstarfið við Samfylkinguna nema kaup Magma á HS orku verði stöðvuð.

„Ég ætla hins vegar að leyfa mér að vera bjartsýn að sinni, einfaldlega vegna þess að flokkarnir hafa báðir talað fyrir því að verja beri auðlindir landsins,“ segir Guðfríður Lilja. Pólitískur vilji sé allt sem þarf til að vinda ofan af málinu og hann hafi skort hingað til.

Ráðherranefnd fimm ráðherra sem unnið hefur að lausn málsins mun fara yfir málin á hádegi í dag með þingflokksformönnum stjórnarflokkanna og fulltrúum þeirra í iðnaðarnefnd.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, kveðst undrandi á því að þingmenn VG skuli vera með yfirlýsingar af þessu tagi vitandi það að ráðherranefndin sé að störfum. Heillavænlegra hefði verið að leyfa ríkisstjórninni að klára málið og kynna það.

„Það er samstarfinu ekki til framdráttar þegar einstakir þingmenn VG stíga fram og hóta því að hætta stuðningi við þessa ríkisstjórn,“ segir hún. Það sé hins vegar fyrst og fremst innanflokksmál VG. Magma-málið sé hins vegar erfitt fyrir báða flokka. Að hennar mati er það aukaatriði hvort einkaaðilarnir sem eiga nýtingarrétt á orkunni séu innlendir eða erlendir. „Aðalatriðið er að einkafjármagn nái ekki meirihluta,“ segir hún. Um það þurfi að setja lög.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var ekki til viðtals í gær vegna málsins og ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- sh / sjá síðu 6



**Á GÓÐRI STUND** Um 2.000 gestir sóttu Grundarfjörð heim um helgina þar sem fram fór bæjarhátíðin Á góðri stund. Hér má sjá litskrúðugar stúlkur úr fimleikahópi Gerplu fara mikinn, en þær sýndu atriði á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samstarfskona Toms Cruise:

## Framleiðir með Íslendingum

FÓLK Bandaríski kvikmyndaframleiðandinn Paula Wagner, sem hefur unnið náið með Tom Cruise, er í viðræðum við þá Richard Scobie og Kristin Þórðarson um að taka þátt í framleiðslu kvikmyndar eftir handriti þeirra, 66 gráður norður.



TOM CRUISE

„Þetta einfaldlega gerbreytir öllu fyrir okkur og setur ákveðinn gæðastimpil á verkefnið sem við höfum ekki áður,“ segir Kristinn.

Wagner er stórlax í Hollywood sem hefur framleitt allar Mission Impossible-myndirnar, Valkyrie, War of the Worlds og The Last Samurai. Tökur á myndinni eru fyrirhugaðar næsta sumar.

- fb / sjá síðu 22

## veðrið í dag




**VÆTA S- OG** Vestanlands í dag ríkja austlægar áttir, 10-15 m/s við suður- og suðausturströndina en annars hægari vindur. Rigning með köflum S- og V-lands en norðan til verður skýjað en þurrt að mestu.

VEÐUR 4

Tveggja bandarískra hermanna saknað í Afganistan síðan á föstudag:

# Talibanar bjóða lík fyrir fanga

AFGANISTAN, AP Talibanar í Afganistan segjast hafa fellt bandarískan hermann og séu með annan í haldi. Hermannanna tveggja hefur verið saknað síðan á föstudag. Talibanar gáfu út yfirlýsingu í gær um þeir hefðu fellt annan í skotárás en að hinn væri á lífi í haldi þeirra.

Yfirvöld Nató og Bandaríkjahers í Afganistan staðfesta að mennirnir séu týndir en verjast að öðru leyti frétta. Víðfeðm leit hefur staðið yfir um helgina en mennirnir fóru frá bandarísku herstöðinni í Kabúl án þess að láta neinn vita, sem er óvanalegt á þessu hættulega svæði.

Síðast sást til mannanna á jeppa akandi inn á yfirráðasvæði talibana. Í yfirlýsingu talibana segir að hermennirnir hafi hafið skothríð sem talibanar hafi svarað og fellt annan hermanninn en tekið hinn höndum. Hafa þeir boðið lík þess látna í skiptum fyrir fanga úr sínum röðum, sem eru í haldi hjá Bandaríkjamönnum.

Ekki er vitað hvað hermönnunum gekk til að fara sjálfviljugir inn á yfirráðasvæði talibana en talsmenn Nató og Bandaríkjahers neita að tjá sig frekar.

- áp










## SPURNING DAGSINS



*Mugison, er þetta nokkuð drepleiðinlegt lag?*

„Nei alls ekki, þetta er rosalega hresst lag og algjör fjölskylduklassík.“

Tónlistarmaðurinn Mugison samdi hressa útileguslagarann Stingum af í jarðarför í Mývatnssveit.

Stjórn British Petroleum fundar um framtíð Tonys Hayward vegna olíuleka:

# Búist við brottrekstri forstjóra BP

**LONDON, AP** Tony Hayward, forstjóri British Petroleum (BP), lætur af störfum á allra næstu dögum, að því er breskir fjölmiðlar greina frá.

Stjórn BP staðfestir ekki orðróminn og hefur gefið frá sér tilkynningu í þá veru að Hayward njóti trausts fyrirtækisins.

Breskir fjölmiðlar þykjast þó vita að Hayward, sem hefur borið hitann og þungann af olíuslysinu í Mexíkóflóa í apríl, sé að semja um starfslok sín og að yfirlýsingar um afsögn hans sé að vænta á næstu sólarhringum.

Talið er líklegt að Bandaríkjamaðurinn Bob Dudley, sem nú ber ábyrgð á hreinsunarstarfi eftir slysið, muni taka við starfinu.

Tony Hayward hefur verið harðlega gagnrýndur vegna olíulekans á Mexíkóflóa og þess hve illa gekk að komast fyrir hann. Lagt hefur verið hart að olíuframleiðandanum að bæta orðinn hlut, en brottrekstur Haywards er talinn vera nauðsynlegur þáttur í viðleitni fyrirtækisins til að endurheimta orðspor sitt. - áp



**TONY HAYWARD** Allar líkur eru sagðar á að Tony Hayward, forstjóri BP, þurfi að láta af starfi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Verslanir Aurora Fashions:

## Hagnaðurinn 4,3 milljarðar

**VIÐSKIPTI** Viðsnúningur hefur orðið á rekstri tískuverslanakeðjanna Karen Millen, Oasis, Coast og Warehouse, samkvæmt nýbirtu uppgjöri.

Að sögn dagblaðsins Guardian skilaði Aurora Fashions, sem á verslanirnar og er í eigu skilanefndar Kaupþings, 22,6 milljóna punda hagnaði fyrstu 11 mánuði þessa árs. Það jafngildir tæplega 4,3 milljarða króna hagnaði.

Verslanirnar voru áður í eigu Mosaic Fashions, sem var í eigu Baugs. - áp



**LANDEYJAHÖFN** Höfnin var formlega tekin í notkun á þriðjudag. MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

Margir á leið á þjóðhátíð:

## Sætum í Herjólfi fjölgað um 100

**SAMGÖNGUR** Sætum í ferðum Herjólfs verður fjölgað um 100 í kringum þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Í hverri ferð verða því 500 farþegar í stað 400.

Áður en hin nýja Landeyjahöfn var tekin í notkun var hámarksfjöldi farþega 500 en þar sem starfsmönnum hefur verið fækkað eftir flutninginn hefur Herjólfur eingöngu haft leyfi fyrir 400 farþegum. Í kringum þjóðhátíð verður starfsmönnum hins vegar fjölgað og því hefur fengist leyfi fyrir 500 farþegum.

Töluvert hefur borið á því að farþegar hafi mætt seint til siglingar eftir að Landeyjahöfn var opnuð og eru farþegar því hvattir til að leggja tímanlega af stað til Landeyja. - mþl

Stífla brast í Bandaríkjunum:

## Fjöldi manna missir hús sín

**IOWA, AP Fjöldi fjölskyldna missti heimili sín þegar Lake Delhi-stíflan í Manchester í Iowa-ríki í Bandaríkjunum brast í gær. Mikil rigning hefur verið á svæðinu.**

**Flóð í ánni Maquoketa gerði um tíu metra stórt gat á steinvegg stíflunnar.**

**Nærliggjandi svæði hafa verið rýmd.** -áp

# Merkel kallar eftir ítarlegri rannsókn

**Nítján létust og 340 slösuðust í troðningi við innganginn að Love Parade-hátíðinni í Duisburg í Þýskalandi á laugardag. Sjónarvottar og sérfræðingar í öryggismálum hafa gagnrýnt lögreglu fyrir að taka rangar ákvarðanir á slysstað.**

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, kallaði í gær eftir ítarlegri rannsókn á því hvernig þær aðstæður sköpuðust að nítján létust og 340 til viðbótar slösuðust í miklum troðningi á Love Parade-tónlistarhátíðinni í Duisburg í Þýskalandi á laugardag. Einn skipuleggjenda hátíðarinnar, Rainer Schaller, sagði á blaðamannafundi í gær að ekki yrðu fleiri Love Parade-hátíðir haldnar af virðingu fyrir þeim látnu og aðstandendum þeirra.

Harmleikurinn átti sér stað þegar hundruð þúsunda söfnuðust saman við einn innganginn að hátíðinni, sem haldin var á svæði þar sem eitt sinn stóð járnbrautarstöð, eftir að lögregla hafði lokað öðrum inngönguleiðum á hátíðarsvæðið vegna of mikils fólksfjölda. Skelfing greip um sig þegar mikill fjöldi fólks hafði safnast saman í hundrað metra löngum og sextán metra breiðum göngum hjá innganginum. Vegna hita og loftleysis leið yfir marga og talið er að flestir sem létust hafi troðist undir og kafnað.

Sjónarvottar hafa gagnrýnt lögreglu fyrir að að loka ekki innganginum við göngin á sama tíma og öðrum inngöngum á hátíðina. Þá hafði rannsakandi hjá slökkviliði borgarinnar ráðlagt skipuleggjendum og lögregluyfirvöldum að loka göngunum vegna þeirrar hættu sem gæti skapast ef mikill fjöldi þyrfti að ganga í gegnum þau. Þá munu fleiri sérfræðingar í öryggismálum hafa bent á að hátíðarsvæðið, sem er 230.000 fermetrar að stærð, gæti aðeins rúmað hálfa milljón hátíðargesta en ekki þær 1,4 milljónir sem sóttu hátíðina í ár.

Á síðasta ári hætti borgin Bochum í nágrenni Duisburg við að halda hátíðina vegna svipaðra öryggissjónarmiða. kjartan@frettabladid.is



**HARMLEIKUR** Sjúkraliðar við störf á slysstað í Duisburg á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**SKELFING** Mannfjöldinn leitaði allra leiða til að bjarga sér þegar skelfing greip um sig í göngunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Foreldrar fimm ára stúlku:

## Hyggjast kæra Orkuveituna

**HEILBRIGÐISMÁL Foreldrar Rósalind Óskarsdóttur, fimm ára stúlku sem greindist með hvítblæði í júní árið 2008, skoða nú réttarstöðu sína og hyggjast kæra Orkuveitu Reykjavíkur.**

**Mælingar leiddu í ljós að rafsegulsvið var langt yfir hættumörkum í húsi þeirra. Of hátt rafsegulsvið hefur mælst á heimilum þriggja barna sem glíma við hvítblæði, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Spennustöð er skammt frá heimili fjölskyldunnar og foreldra Rósalindar grunaði að of hátt rafsegulsvið í húsinu gæti hafa valdið veikindunum. Þau fengu grun sinn staðfestan þegar rannsókn á heimili þeirra leiddi í ljós að rafsegulsvið í herberginu þar sem dóttir þeirra svaf var langt yfir hættumörkum.** - sb

Fékk tveggja ára dóm:

## Barnamorðingi fær nýtt nafn

**ENGLAND** Jon Venables, annar tveggja morðingja hins tveggja ára gamla James Bulger í Liverpool á Englandi árið 1993, fær aftur nýtt nafn þegar hann losnar úr fangelsi.

Venables, sem fyrir skemmstu var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir vörslu barnakláms, fékk einnig nýtt nafn þegar hann losnaði úr gæslu vegna morðsins á Bulger árið 2001. Hann og félagi hans, Robert Thompson, voru báðir tíu ára gamlir þegar þeir myrtu Bulger við járnbrautarteina eftir að hafa rænt honum úr verslunarmiðstöð.

Denise Fergus, móðir Bulgers, er afar ósátt við dóminn yfir Venables og telur að tvö ár ekki nægjanlega refsingu, réttlætinu hafi ekki enn verið fullnægt. - kg




Maður var fluttur á gjörgæslu í Reykjavík eftir átök á Grundarfirði:

# Lamaðist á annarri hliðinni

**LÖGREGLA** Maður var sóttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar og fluttur á gjörgæslu í Reykjavík skömmu fyrir hádegi á laugardag eftir að hafa átt í átökum við mann í gleðskap á bóndabæ fyrir utan Grundarfjörð aðfaranótt laugardags. Þegar maðurinn vaknaði á laugardagsmorgninum var hann lamaður á annarri hlið líkamans. Hann var útskrifaður af gjörgæslu yfir á almenna deild í gær og líður betur, að sögn vakthafandi læknis.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Snæfellsnesi eru mennirnir sem áttu í átökunum báðir á miðjum aldri. Átökin virðast ekki hafa verið mjög hörð, en þó var hinum slasaða greitt ákveðið högg sem varð þess valdandi að hann lamaðist öðru megin í líkamanum um hríð. Sá sem veitti höggið var handtekinn þegar alvarleiki málsins varð ljós á laugardagsmorgun. Hann var yfirheyrður af lögreglumönnum á Akranesi og sleppt síðar sama dag.

Bæjarhátíðin Á góðri stund fór fram á Grundarfirði um helgina og fór vel fram að sögn lögreglu. Gestir voru um 2.000 en þrír voru handteknir þar fyrir ölvunarakstur. Um 6.000 sóttu Mærudaga á Húsavík um helgina og bar mikið á ölvun en enginn var handtekinn. Þá sóttu um 2.500 gestir tónlistarhátíðina Bræðsluna í Borgarfirði eystri og bárust engar tilkynningar til lögreglu þar um helgina. - kg, sb



**GRUNDARFJÖRÐUR** Maðurinn var útskrifaður af gjörgæslu yfir á almenna deild í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
GRÆJAÐU ÞIG FYRIR HELGINA
Söngbók
NOVA
Frítt í næstu verslun Nova!
0 kr.
Söngbók Nova
Söngbók Nova inniheldur söngtexta og gítargrip 30 vinsælla laga.
Gríptu eintök með þér fyrir helgina í næstu verslun Nova.
1.990 kr.
Nova kúlutjald
Taktu diskókúlutjaldið frá Nova með þér í útileguna!
NOVA
690 kr.
Nova boltar
Leiktu listir þínar með litríkum Nova bolta.
NOVA
2.990 kr./mán.
MiFi box
Útborgun 0 kr. og 2.990 kr. á mánuði í 12 mán.
5 GB netnotkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
MiFi box: Þráðlaus nettenging fyrir t.d. fartölvur og iPod Touch.
Allt að 5 geta verið á netinu á sama tíma!
NOKIA
facebook
Gary Duncan
2.890 kr./mán.
Nokia 5230 og Facebook
Útborgun 0 kr. og 2.890 kr. á mánuði í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir!
33.990 kr./stgr.
Ekki missa af nýjustu Facebook fréttum helgarinnar. Fáðu þér Nokia 5230 og netið í símann hjá Nova.
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða.

## GENGIÐ 23.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,90 | 122,48 |
| Sterlingspund | 188,12 | 189,04 |
| Evra | 157,77 | 158,65 |
| Dönsk króna | 21,169 | 21,293 |
| Norsk króna | 19,794 | 19,910 |
| Sænsk króna | 16,703 | 16,801 |
| Japanskt jen | 1,399 | 1,4072 |
| SDR | 184,39 | 185,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,139

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tólf grunaðir andspyrnumenn drepnir í tveimur árásum ómannaðra flugvéla Bandaríkjahers:

# Ráðist á svæði nærri landamærum Afganistans

**PAKISTAN, AP** Ómannaðar flugvélar Bandaríkjahers skutu flugskeytum á hús á tveimur stöðum í Norðvestur-Pakistan í gær. Haft er eftir heimildarmönnum innan hersins að tólf hafi verið drepnir í árásunum. Þeir hafi verið herskáir andspyrnumenn.

Bandaríkjaher er sagður hafa staðið fyrir yfir hundrað árásum á hálfsjálfstæðu ættbálkasvæði við landamærin að Afganistan. Flestar hafa þær verið í bæði norður- og suðurhluta Waziristans, en þar eru hermenn talibana sagðir eiga skjól.

Í fyrri árásinni var skotið á tvö hús og fimm menn drepnir. Að auki eru fjórir grunaðir andspyrnumenn sagðir hafa slasast. Í seinni árásinni voru sjö grunaðir andspyrnumenn drepnir þegar tveimur eldflaugum var skotið á hús.



**Í PAKISTAN** Spítalastarfsfólk meðhöndlar lík herskárra andspyrnumanna í Pakistan fyrr í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta hefur fréttastofa AP eftir nafnlausum heimildarmönnum innan Bandaríkjahers. Bandaríkin hafa ekki opinberlega gengist við aðgerðir undir stjórn Leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) þar sem notast er við fjarstýrðar herflugvélar. Haft er eftir embættismönnum að nokkrir háttsettir menn innan bardagasveita bæði talibana og Al Kaída hafi verið drepnir með þessum hætti.

Opinberlega fordæmir Pakistan eldflaugaárásir Bandaríkjanna í landinu, en landið er þó sagt hafa verið handgengt Bandaríkjunum í fyrri slíkum árásum. **- óká**

Eignarhald Snyrtiakademíu:

## Rekstur skólans tryggður

**MENNTAMÁL Rekstur Snyrtiakademíunnar hefur verið tryggður eftir fjárhagslega endurskipulagningu, og skólahald á haustönn hefst þar samkvæmt áætlun í ágúst. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Snyrtiakademíunni og Sparisjóðabanka Íslands.**



**INGA KOLBRÚN HJARTARDÓTTIR**

**Jafnframt liggur fyrir samkomulag um breytingu á eignarhaldi Maxíma, rekstrarfélags Snyrtiakademíunnar. Inga Kolbrún Hjartardóttir, skólastjóri Akademíunnar, og flestir aðrir starfsmenn skólans hafa tekið við rekstrinum sem hluthafar ásamt Ingu Þyri Kjartansdóttur snyrtifræðingi, en hún stofnaði Snyrtiakademíuna árið 2002.** **- kg**

Ráðherra boðar breytingar:

## Danir minnka þróunaraðstoð

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin ætlar að fækka í hópi þeirra landa sem ríkið veitir þróunaraðstoð.

Danir veita 76 löndum þróunaraðstoð sem stendur en þeim verður fækkað í um það bil sextíu á næstunni. Sören Pind þróunarmálaráðherra segist ekki vilja styrkja lönd þar sem ekki sé hægt að sjá breytingar sama hversu miklum peningum sé veitt til landsins. Hann segir að héðan í frá verði talað við samstarfslöndin til þess að skera úr um hvaða lönd eigi að halda áfram að fá aðstoð frá Danmörku. Danir eyða 15 milljörðum danskra króna í þróunaraðstoð. **- þeb**

# Viðræðurnar hefjast formlega á morgun

**Aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins hefjast formlega á ríkjaráðstefnu ESB á morgun. Fulltrúar samningsaðilanna leggja fram greinargerð um helstu samningsmálin. Utanríkisráðherra leggur áherslu á sérstöðu Íslands.**

**STJÓRNMÁL** Ísland mun formlega hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á ríkjaráðstefnu ESB sem hefst á morgun á hádegi að íslenskum tíma. Í dag munu utanríkisráðherrar ríkja ESB, að öllum líkindum, samþykkja viðræðurnar.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Ríkjaráðstefnan verður stutt og formleg. Það sem gerist er að ég legg fram skriflega greinargerð fyrir hönd Íslands þar sem farið er rækilega yfir breiðu línurnar. Ég fylgi henni síðan úr hlaði með stuttri ræðu þar sem gert er grein fyrir meginsjónarmiðum Íslands. Þarna munu einnig halda ræðu stækkunarstjóri ESB, Stefan Füle, og svo utanríkisráðherra Belga, sem er forysturíki ESB um þessar mundir,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

Össur bætir svo við að í ræðu sinni muni hann fara yfir sérstöðu Íslands hvað varðar sjálfbærar fiskveiðar, endurnýjanlega orku og svo stjórnmálalega mikilvæga stöðu Íslands við Norðurskautið.

Össur segist enn fremur ætla að fara yfir það sem einstakt sé varðandi meginmálaflokka Íslands. „Stærsti efnispunkturinn í okkar greinargerð er sjávarútvegurinn. Svo mun ég fara yfir stöðu landbúnaðar hér á landi og hversu gríðarlega mikilvægt það er að búa við fæðuöryggi. Ég fer yfir byggðamál, efnahagsmál og myntsamstarfið auk þess að draga fram hvað Ísland á mikið sameiginlegt með Evrópu,“ segir Össur.

Eiginlegar samningaviðræður hefjast ekki fyrr en um mitt næsta ár og Össur segir að fram að því séu menn í raun að æfa sporin fyrir stóra dansinn. Þegar þeir hefjast fyrir alvöru verði byrjað á erfiðustu köflunum, þeim er varða sjávarútveg, landbúnað, fjármálaþjónustu og umhverfismál.

Á ráðstefnuna mæta sjö frá utanríkisráðuneytinu en þess utan verða þar starfsmenn úr sendiráðinu í Brussel.

Össur segist ekki treysta sér til að svara því hvenær endanlegur samningur kunni að liggja fyrir. Viðræðurnar kunni að verða langar því samningarnir um fiskveiðar og hugsanlega landbúnað geti orðið mjög strangir.

ESB mun leggja áherslu á að Icesave-deilan verði leyst og að Ísland breyti fiskveiðikerfi sínu, að því er segir í minnisblaði frá ESB sem fréttastofan Bloomberg hefur undir höndum. Þar kemur líka fram að ESB meti það sem svo að erfiðustu mál samninganna verði fiskveiðar, landbúnaður og byggðamál, umhverfismál, frjálsir fjármagnsflutningar og fjármálakerfið. **magnusl@frettabladid.is**

### Næstu skref í samningaferlinu

- Samningaviðræðurnar munu fara fram á ráðstefnum milli aðildarríkja ESB og Íslands. Í nóvember hefjast svokallaðir rýnifundir þar sem löggjöf Íslands og ESB verður borin saman og komist að því um hvað þarf að semja. Eiginlegu viðræðurnar munu síðan hefjast í fyrsta lagi um mitt næsta ár. Samið verður um hvern kafla af 35 köflum löggjafar ESB fyrir sig en einróma samþykki þarf til að hefja og ljúka viðræðum um hvern kafla. Ísland hefur þegar tekið upp stóran hluta löggjafar 22 af 35 köflum lagaverks ESB í gegnum EES-samninginn.
- Að loknum viðræðunum er niðurstaða samninganna færð í lagatexta. Sú vinna fer fram samhliða samningaviðræðunum og bíður því ekki heildarniðurstöðu þeirra. Þegar sá texti er tilbúinn liggur fyrir samningur.
- Ráðherraráð ESB og Evrópuþingið þurfa þá að samþykkja samninginn. Að auki þurfa öll aðildarríki ESB að fullgilda hann auk Íslands að sjálfsögðu. Við undirritun hans fær Ísland áheyrnaraðild að öllum stofnunum ESB en nýtur ekki atkvæðisréttar.
- Að viðræðum loknum er samningurinn undirritaður með fyrirvara og verður ekki bindandi. Þá verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi um aðild að ESB. Verði aðild samþykkt þarf að breyta stjórnarskrá og yrði þing þá rofið og boðað til kosninga. Í kjölfarið myndi nýtt þing samþykkja breytinguna og veita ríkisstjórn leyfi til að ganga frá samningnum. Verði samningurinn felldur er ferlinu einfaldlega lokið.



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS** Flogið er allt að sex sinnum á dag til Grænlands yfir háannatímann í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýjung hjá Flugfélagi Íslands:

## Flogið til Nuuk tvisvar í viku

**SAMGÖNGUR** Flugfélag Íslands hefur ákveðið að fljúga framvegis til Nuuk á Grænlandi allt árið. Flogið hefur verið þangað öll sumur frá árinu 2007 en nú verður flogið þangað tvisvar í viku.

Flugfélag Íslands hefur haft fimm áfangastaði á Grænlandi en nú er flogið til þriggja þeirra allt árið: Kulusuk, Constable Pynt og Nuuk.Eftirspurn eftir flugi milli Íslands og Grænlands hefur verið mikil hjá Grænlendingum, Dönum og öðrum erlendum ferðamönnum. Fyrst um sinn verður flogið á mánudögum og fimmtudögum. **- mþl**

OR veitir fötluðum styrk:

## Ná nú að anna eftirspurninni

**SAMFÉLAGSMÁL Orkuveita Reykjavíkur veitti styrk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra að upphæð 500 þúsund krónur. Styrkurinn á að kosta sumarnámskeið fyrir börn með hreyfihömlun í Reykjadal í Mosfellsdal. Aðstandendur námskeiðsins segja að styrkurinn hafi gert það að verkum að hægt var að hleypa öllum á námskeiðið sem vildu.**

**Á námskeiðunum verður lögð áhersla á útiveru og hreyfingu, þar með talin sjúkraþjálfun á hestbaki, en það form þjálfunar gefur góðan árangur við skynhreyfiörvun og jafnvægisþjálfun.** **- sv**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**MILDIR DAGAR**
Í dag má búast við nokkurri vætu sunnan og vestan til en á morgun snýst í norðlægar áttir. Þá léttir til S- og V-lands en fer að rigna á norðanverðu landinu. Á miðvikudaginn eru horfur á súld við norðurströndina en björtu veðri syðra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 24° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 21° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ENNEMM / SIA / NM42981






## LG OPTIMUS GT540 – 3G[L]

Frábær sími með Android stýrikerfi, GPS og stórum snertiskjá. Yfir 30.000 smáforrit í boði.

| Símalán - útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 44.900 kr. |




## LG VIEWTY – 3G[L]

Frábær 3G sími með stórum snertiskjá, flottri 5MP myndavél, tónlistarspilara og FM útvarpi.

| Símalán - útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 24.000 kr. |

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við dóm héraðsdóms vegna gengistryggðra bílalána?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,6% |
| Nei | 66,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að ferðast um landið um verslunarmannahelgina?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Gengið á árgang 2007 af sandsílum sem hefur verið uppistaðan í þrjú ár:

# Mikil þörf á góðri nýliðun

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikil þörf ríkir nú á góðri nýliðun ef sandsílastofninn á ekki að gefa enn frekar eftir, að mati Hafrannsóknastofnunar, eftir fyrstu mælingar á stofninum.

Ellefu daga sandsílaleiðangri Hafrannsóknastofnunar á skipinu Dröfn RE 35 lauk 15. júlí síðastliðinn. Farið var á fjögur svæði, Breiðafjörð, Faxaflóa, Vestmannaeyjar að Vík og Ingólfshöfða, en þetta er fimmta árið í röð sem farið er í slíkan leiðangur.

Uppistaðan í aflanum var þriggja ára síli, af árgangi 2007, en þessi árgangur hefur verið ríkjandi í stofninum síðastliðin þrjú ár. „Verulega hefur gengið á árganginn, eins og eðlilegt má teljast,“ segir í tilkynningu Hafrannsóknastofnunar.

Fram kemur að fyrstu niðurstöður séu háðar óvissu því þær byggist eingöngu á lengdarmælingum á síli en ekki á aldurslesningum. Á næstu mánuðum fer fram aldursgreining á sýnum ársins og frekari úrvinnsla.

Fram kemur að í fyrra hafi fundist talsvert magn af seiðum, en þau hafi ekki skilað sér í stofninn nú sem eins árs síli í þeim mæli sem væntingar stóðu til. Einnig virðist árgangur 2008 af sílum vera slakur. Styrkur árgangsins komi endanlega í ljós á næsta ári. **- kg**



**SANDSÍLI** Á síðasta ári fannst talsvert magn af seiðum en þau hafa ekki skilað sér í stofninn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Rúmlega fjörutíu slösuðust:

# Einn lést í lestarslysi í Ölpunum

**SVISS, AP** Einn lét lífið og 42 slösuðust þegar lest fór út af sporinu í Sviss á föstudag. Farþegar lestarinnar voru flestir japanskir ferðamenn. Lestin fer um svissnesku Alpana og er vinsæl meðal ferðamanna. Tveir lestarvagnar fóru út af sporinu, en ekki er vitað hvað olli slysinu.

Lestarslys eru mjög sjaldgæf í Sviss, en þetta slys er hið versta í landinu frá árinu 2006. Þá létust þrír menn eftir að bremsur lestar biluðu með þeim afleiðingum að hún rakst á aðra lest. **- þeb**




# Óánægja ekki nóg til að stöðva kaupin

**Óánægja Vinstri grænna með stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar í orkumálum dugir ekki ein og sér til að koma megi í veg fyrir kaup Magma á HS orku, að mati prófessors. Magma mun skoða rétt sinn verði kaupin stöðvuð, segir forstjórinn.**

**ORKUMÁL** Sú skoðun þingmanna Vinstri grænna að sala HS orku til Magma Energy sé stefnubreyting frá stjórnarsáttmálanum dugir ekki til þess að hægt sé að stöðva samninginn samkvæmt lögum um erlenda fjárfestingu. Auk þess hefði þurft að grípa inn í málið innan átta vikna frá því að samningurinn var gerður. Þetta segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Vilji ráðherra stöðva erlenda fjárfestingu, eins og heimilað er í 12. grein laganna þar um, þurfa mjög ströng skilyrði að vera fyrir hendi. Annaðhvort þarf fjárfestingin að ógna öryggi landsins eða ganga gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða að upp komi alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt sé að verði viðvarandi, eins og segir í lögunum.

„Ráðherra hefur auðvitað svigrúm til að túlka þetta og það er hans hlutverk. En ef hann getur beitt þessu á annað borð þá verður hann að fylgja þeim efnislegu skilyrðum sem koma fram í ákvæðinu,“ segir Björg.

„Nú halda Vinstri græn því fram að þetta sé fyrst og fremst stefnubreyting á einhverju sem var lagt upp með í samstarfi ríkisstjórnarinnar. Ég mundi ekki telja að það mundi nægja til að þessi samningur verði stöðvaður á grundvelli þessa ákvæðis,“ segir Björg.

Þar fyrir utan þurfi samkvæmt lögunum að grípa inn í innan átta vikna eftir að tilkynning berst um fjárfestinguna, og leita fyrst umsagnar nefndar um erlenda fjárfestingu. Sá frestur er hins vegar liðinn, að sögn Unnar G. Kristjánsdóttur, formanns nefndar um erlenda fjárfestingu.

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma á Íslandi, segist ekki munu trúa því fyrr en á reyni að reynt verði að afturkalla kaupin. „Ef svo fer þá bara skoðum við okkar stöðu enda teljum við okkur vera með fullgildan og réttan samning í höndunum,“ segir Ásgeir. Hann vill hins vegar ekki leggja mat á það hvort grundvöllur sé fyrir skaðabótakröfu eða hversu há hún kynni þá að verða.

Ásgeir bendir jafnframt á að ef kaupin yrðu afturkölluð væri HS orka eftir sem áður í meirihluta erlendra aðila. „Ef samningurinn gengur ekki eftir þá á Geysir Green Energy þetta og Geysir er undir Íslandsbanka sem aftur er í eigu kröfuhafa,“ segir hann. „Þess vegna er ég svolítið hissa á því að fólk sé á móti því að HS orka færist úr eigu bankans í eigu jarðhitafyrirtækis sem sérhæfir sig á þessu sviði og fyrir liggur hverjir eiga og hvað það ætlar sér.“ **stigur@frettabladid.is**



**SVARTSENGI** Fyrirhugað er að kaup Magma Energy á hlut Geysis Green í HS orku gangi í gegn á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJÖRG THORARENSEN**



**ÁSGEIR MARGEIRSSON**




Nemendur við HA flytjast mögulega til Reykjavíkur eftir fyrsta árið fyrir norðan:

# Niðurskurður kallar kannski á lokanir

**MENNTUN** Mikill niðurskurður er yfirvofandi hjá Háskólanum á Akureyri (HA). Skólinn skar niður um 6,6 prósent á síðasta ári og nauðsynlegt er að auka niðurskurð um frekari 8 prósent, eða 105 milljónir króna.

Óvíst verður um áframhald orku- og umhverfisfræðideildarinnar, en á næstu önn verður fyrsta árið kennt með líftækni og sjávarútvegsfræðideildinni. Svo gæti farið að þeir tólf nemendur sem skráðir eru í orku- og umhverfisfræði þurfi að flytjast til Reykjavíkur eftir fyrsta árið, ef til þess kemur að leggja deildina niður, og klára nám sitt við Háskóla Íslands.

Stefán B. Stefánsson, rektor HA, segir að allir þeir nemendur sem skráðir voru í deildina hafi sýnt fullan skilning á stöðunni og engar frekari fyrirspurnir hafi borist.

„Við vildum hafa upplýsingaflæðið eins gott og persónulegt og hægt var,“ segir Stefán. „Nemendur skilja að þeir þurfa bara að bíða og sjá.“

Starfsmenn skólans komu til móts við niðurskurðinn með því að taka á sig launalækkun á síðasta ári og með því tókst að spara 30 milljónir króna.

„Þau tóku þetta á sig til að sinna sinni stofnun. Það fannst mér alveg frábært og nánast ótrúlegt, að sýna slíka samstöðu,“ segir Stefán. **- sv**



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Rektor segir starfsfólk sýna ótrúlega samstöðu í niðurskurði hjá skólanum. MYND/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON




NJÓTTU SUMARSINS
Colt 9 feta
fortjald, dúkur í fortjald og grjótgrind
Tilboð kr. 2.390.000
Yearling 120 12 feta
fortjald, dúkur í fortjald og grjótgrind
Tilboð kr. 2.690.000
Yearling 102 10 feta
fortjald, dúkur í fortjald og grjótgrind
Tilboð kr. 2.590.000
Tilboð kr. 1.750.000
Combi Camp, 1 stk. eftir
fortjald, dúkur í fortjald og eldhúseining
ÆGIR + FORTJALD
Tilboð kr. 1.190.000
Fortjald 8-14 feta
159-189.000 kr.
BOLON dúkur í fortjald
(250cm breitt)
4.200 kr. pr. lengdarmeter
BOLON
Stólar Dukdalf
15.900-21.900 kr.
Borð frá
9.900-34.900 kr.
Grjótgrind 34.900 kr.
Lás á beisli 4.900 kr.
Sjálfstandandi sóltjald
39.900 kr.
Donk fyrir
sólpallinn
5.900 kr.
Íslensk sóltjöld, 3 litir
17.900 kr.
Markísur á hús
og á ferðavagna
Yfirbreyðslur á ferðavagna
Ferðasalerni og
hreinsivökvar
20% afsláttur
www.seglagerdin.is
Notaðir vagnar, mikið úrval
Tökum vagna í umboðssölu
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Eitt mesta úrval landsins af
sófum, stólum og borðstofusettum

Bjóðum 25% -40%afslátt af völdum gerðum - komdu og sjáðu úrvalið




Tilboðsverð kr. 199.000.-
25% afsláttur

Vandaður hornsófu með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa
verð áður kr. 265.000

Borð stækkanlegt kr. 99.000
Stóll með slitsterku áklæði kr. 12.900

25% afsláttur



Tilboðsverð kr. 99.000.-
40% afsláttur

Vandaður hvíldarstóll með leðri



40% afsláttur

Borð hnota stækkanlegt kr. 179.000.-
Stóll, hnota með slitsterku microfiberáklæði kr. 32.000.-



Einstaklega þægilegur hvíldarsófi m/innbyggðum skemlum og borði. Fáanlegur í leðri og með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa
verð áður kr. 265.000



Tilboðsverð kr. 199.000.-
25% afsláttur

Tilboðsverð kr. 79.000.-
25% afsláttur

Einstaklega þægilegur hvíldarstóll m/innbyggðum skemli. Fáanlegur í leðri og með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa
verð áður kr. 132.000

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18





# Kjötfarsverð stöðugast af unnu kjöti

**Miklar sveiflur eru í þróun verðs á nokkrum vöruflokkum innlendra kjötvara á þrettán ára tímabili. Lifrarkæfa hefur hækkað mest en kjötfars minnst.**

**NEYTENDUR** Miklar verðsveiflur hafa verið á unnum kjötvörum á síðustu árum. Verðbreytingar hafa þó verið misjafnar eftir vöruflokkum, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu frá Hagstofunni og Data-Market.

Kjötfars hefur haldist hvað stöðugast af vöruflokkunum, en lifrakæfan hefur hækkað mest og rúmlega tvöfaldast í verði, eða úr 623 í maí 1997 upp í 1.350 krónur í maí 2010. Miklar sveiflur hafa verið í verði á nautahakki, en það hækkaði mest upp í 1.270 krónur á kílóið í maí 2006 en féll svo aftur niður í rúmar 1.100 krónur á kílóið í febrúar árið eftir.

Kjötfars hefur hækkað minnst, en kílóverðið var 383 krónur í maí 1997 og í maí 2010 var það 520. Það hefur þá hækkað um 35 prósent.

„Kjötfars getur verið mjög misjafnt eftir því hvernig það er framleitt,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. „Kostnaður getur auðveldlega verið lækkaður með því að nota ódýrara hráefni saman við það.“



**Í KJÖTBORÐINU** Vegna þess hve auðvelt er að stýra því hversu dýrt hráefni er notað í kjötfars sveiflast það minna í verði en önnur unnin kjötvara. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Steinþór segir framboð á ódýrara kjötfarsi vera að aukast sökum ódýrari íblöndunarefna. Aftur á móti sé nautahakk hrein kjötvara án auka hráefna og fylgir því eðlilegum verðsveiflum markaðarins. - sv







**Trezeta Maya**
Vandaðir og léttir skór.
Góð vatnsvörn og öndun.
Vibram sóli.
Ökklastuðningur.
Þyngd: 620g (stærð 42)
Einnig fáanlegir í dömuútfærslu (ljósari litur).
Verð 22.990 kr.



**Trezeta Tiwanacu Pro**
Vatnsvarðir og vandaðir.
Hentugir í lengri göngur.
Góður ökklastuðningur.
Vibram sóli.
Þyngd: 710g (stærð 42)
Einnig fáanlegir í herraútfærslu.
Verð 28.990 kr.



**Meindl Colorado Lady GTX**
Vinsælir og góðir.
Nubuk leður.
Gore-Tex vatnsvörn
Multigriff sóli.
Þyngd: 750g (stærð 42)
Einnig til í herrastærðum.
Verð 42.990 kr.

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# 5.000 kr. af hverri milljón á mánuði

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um lán í erlendum myntum hefur Landsbankinn ákveðið að bjóða einstaklingum með íbúðalán í erlendri mynt kost á að greiða fasta mánaðarlega greiðslu af láninu. Viðskiptavinir greiða 5.000 krónur af hverri milljón af upprunalegum höfuðstól lánsins og getur það leitt til verulegrar lækkunar á greiðslubyrði lánsins. Greiðsla af láni sem upphaflega var 10 milljónir króna verður 50.000 krónur á mánuði.

Landsbankinn býður upp á fjölmargar lausnir fyrir einstaklinga. Ákveðið hefur verið að framlengja öll úrræði bankans til **1. nóvember.**

**KYNNTU ÞÉR AÐRAR LAUSNIR LANDSBANKANS**

- 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt
- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla af íbúðalánum í íslenskum krónum
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu



LAUSNIR FYRIR HEIMILI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42948

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Formlegt upphaf aðildarviðræðna við ESB:

## Umræðan verður vonandi vitlegri

Á morgun er formlegt upphaf viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB), að því gefnu að utanríkisráðherrar aðildarríkjanna leggi blessun sína yfir málið í dag. Full ástæða er til að fagna upphafi viðræðnanna og þeirri vonarglætu sem þær hafa í för með sér um að umræðan hér heima um ágæti aðildar geti orðið málefnalegri og fái byggt á staðreyndum fremur en rakalausum fullyrðingum.

SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Afstaða til aðildar að ESB virðist oft fremur ráðast af tilfinningum en raunverulegu mati á kostum og göllum. Enda er ekki hægt að leggja slíkt mat á hlutina fyrr en sést svart á hvítu hverju aðildarviðræðurnar skila. Í stað þess að fólk láti afstöðu sína ráðast af draugasögum um missi yfirráða yfir auðlindum, afhroð bændastéttarinnar eða sögum af gerræðislegum valdboðum um lögun gúrkna, getur það látið afstöðuna ráðast af staðreyndum. Niðurstöður viðræðnanna varpa ljósi á hvað er að marka háværan hræðsluáróður hagsmunasamtaka gegn, ekki bara aðild, heldur aðildarviðræðunum sjálfum. Einkennileg er sú afstaða að vilja ekki einu sinni láta á viðræður reyna.

Í öllu falli hlýtur fólk að geta sammælst um að allra hagur sé að sem best niðurstaða fáist í viðræðunum. Þær snúast um hagsmuni lands og þjóðar til framtíðar. Aðildarsamningur sem byggir á viðræðunum verður svo lagður fyrir þjóðina og ætti þá að liggja ljóst fyrir hvernig grundvallarhagsmunir landsins verði tryggðir.

Ísland hefur nú þegar, með samstarfinu um Evrópska efnahagssvæðið og um Schengen, innleitt bróðurpartinn af regluverki Evrópusambandsins og skuldbundið sig til að taka upp stóran hluta laga og reglugerða Evrópusambandsins. Tækifæri landsins til að hafa áhrif á þá löggjöf eru hins vegar enn sem komið er takmörkuð. Það myndi breytast með aðild.

Niðurstöður viðræðnanna leiða svo í ljós hvers kunni að vera að vænta með auknu frelsi í verslun með landbúnaðarvörur milli landa og hvað aðild að sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins þýðir fyrir sjávarútveginn. Þá kemur í ljós hvers kunni að vera að vænta af samstarfi í efnahags- og peningamálum. Líklegt verður að teljast að á krónuna halli í þeim samanburði vegna þess kostnaðar sem almenningur og fyrirtæki bera af því að viðhalda henni.

Óhætt er að taka undir orð Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra í ræðu sem hann flutti á ráðstefnu um stuðning Evrópusambandsins við atvinnuuppbyggingu og byggðaþróun um miðjan apríl þar sem hann hvatti til þess að landsmenn stæðu saman um að aðildarferlið yrði okkur öllum til sóma, að hér færi fram opin og lýðræðisleg umræða um kosti og galla aðildar. „Við skulum bera virðingu fyrir skoðunum hver annars og ræða málin út frá því hvað best er fyrir Ísland í bráð og lengd," sagði Össur. Ef upplýsta umræðu skortir er ekki von á vitlegri niðurstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tíminn og orkan

Nokkrir þingmenn Vg hafa stigið fram og sagst ekki munu styðja áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf við Samfylkingu nema samningi á sölu HS orku til Magma Energy verði rift. Það er svo sem gott og gilt þegar stjórnmálamenn standa og falla með hugsjónum sínum og prinsippum. En hefði ekki verið ábyrgara af þessum þingmönnum að setja hnefann í borðið áður en samningurinn var gerður?



### AGS að kenna

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var ómyrkur í máli í sjónvarpsfréttum í gær. Sagði hann söluna á HS orku til Magma aðeins byrjunina á því sem koma skal ef samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heldur áfram. Það kunni ekki góðri lukku að stýra.



### Hlutur Framsóknar

Þetta vekur nokkrar spurningar. Kom AGS til dæmis við sögu þegar Óskar Bergsson, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, tók þátt í selja hlut OR í HS orku til Magma Energy í fyrra? Og var það vegna þrýstings frá AGS sem fulltrúi Framsóknarflokksins í eftirlitsnefnd um erlenda fjárfestingu hreyfði ekki við mótbárum, þótt áhöld væru uppi um að kaup Magma á HS orku í gegnum skúffufyrirtæki í Svíþjóð stæðust lög? Eða er Framsóknarflokkurinn kannski fullfær um að einkavæða náttúruauðlindir á eigin forsendum?

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Til hvers er þá setið?

Orkumál



Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
þingflokksformaður Vinstri grænna

Nýlega kom fram að Ross Beaty, framkvæmdastjóri Magma Energy, vildi efna til samstarfs við Hrunamannahrepp um orkurannsóknir á svæðinu frá Flúðum upp í Kerlingarfjöll með nýtingu jarðvarma í huga. Á svipuðum tíma bárust fréttir af áformum um að Suðurorku ehf. yrði veitt rannsóknarleyfi á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu. Suðurorka er að stórum hluta í eigu HS orku sem aftur er komið undir handarjaðar fyrrnefnds Ross Beaty. Hann lætur sér ekki nægja að horfa upp til Kerlingarfjallanna heldur má sjá á veraldarvefnum að hann lætur til sín taka í Suður-Ameríku, Kína og eflaust víðar. Og fyrst Kína er nefnt þá fór það eflaust ekki framhjá neinum hve mikinn áhuga Kínverjar sýndu orkuauðlindum landsins í sumar.

Á meðal fjárfesta hafi aldrei verið eins mikill áhugi á því og nú að koma ár sinni fyrir borð í vatns-orkubúskap þjóðanna. Skýringin er augljós. Þarna eru mjólkurkýr framtíðarinnar, verðmæti sem allir braskarar ásælast. Þess vegna skilgreina sumar Evrópuþjóðir orkuiðnaðinn sem öryggisþátt og vilja girða fyrir utanaðkomandi fjárfestingar. Það var yfir slíka girðingu sem Ross Beaty vildi klifra þegar hann þóttist vera heimilisfastur í Svíþjóð, og þar með á hinu evrópska efnahagssvæði en ekki í Kanada með fyrirtæki sitt. M.a. vegna þessarar sviksemi geta íslensk stjórnvöld stoppað sókn hans inn í auðlindir Íslands.

Það er svo annað mál að sænsk skúffa þarf ekki endilega að vera verri en kanadísk eða íslensk skúffa, eins og dæmin sanna. Munurinn á innlendum og erlendum fjárfestum er reyndar sá að í síðara tilvikinu streymir allur gróði beinustu leið úr landi. Að benda á slíkt snýst ekki um meintan þjóðernisrembing heldur hvert fjármagn af auðlindum landsins berst. En þótt það kunni á þennan tiltekna hátt að vera skárra að hagnaðurinn staðnæmist í íslenskum fjárfestingarvasa hljóta almannahagsmunir að snúast um annað og mun veigameira: Að auðlindir Íslands lendi ekki ofan í prívatvösum, sama hverra. Þetta er grundvallarmál. Auðlindirnar á að nýta í þágu samfélagsins en ekki örfárra risasamsteypa eða bisnessmanna. Af slíku hlýtur að vera komið nóg nema fólk vilji að 2007 endurtaki sig í sífellu. Ríkisstjórnin verður að koma í veg fyrir þessa áframhaldandi og grafalvarlegu þróun og það strax enda tíminn naumur. Ef ekkert er að gert til hvers er þá setið?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nýtt skringibann?

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Um árabil voru Íslendingar af ýmsum taldir taldir meðal helstu skringiþjóða Evrópu út af fáránlegum lagaboðum sem endurspegluðu ekki endilega meirihlutavilja þjóðarinnar, heldur voru til marks um þann útbreidda hugsunarhátt haftaþjóðfélagsins að tryggast væri að banna það sem einhvern kynni að styggja væri það leyft.

| Viktor Unnar Illugas. 4 | (74. Björg. Takefusa 5) |
| (66. Guessan Herve 5) | Kjartan Henry Finnb. 5 |
| | (61. Eggert Rafn 5) |

**Maður leiksins*

## Stjarnan 2-1 Fylkir

Stjörnuvöllur, áhorf.: 727 Þóroddur Hjaltalín Jr. (7)

*0-1 Ásgeir Börkur Ásgeirsson (45.), 1-1 Arnar Már Björgvinsson (64.), 2-1 Halldór Orri Björnsson, víti (90.+1)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–4 (4–2) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 1 – Fjalar 2 |
| Horn | 7–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 21–16 |
| Rangstöður | 5–6 |

| **STJARN.** 4–4–2 | **FYLKIR** 4–3–3 |
|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. 5 | Fjalar Þorgeirsson 5 |
| Bjarki Páll Eysteins. 6 | Andri Þór Jónsson 5 |
| Tryggvi Bjarnason 6 | Valur Fannar Gíslas. 5 |
| Daníel Laxdal 5 | Þórir Hannesson 6 |
| Jóhann Laxdal 5 | Tómas Þorsteinsson 5 |
| Steinþór Freyr Þorst. 6 | Kristján Valdimarss. 5 |
| (84. Víðir Þorvarðars. -) | (80. Davíð Þór Ásbj. - ) |
| Björn Pálsson 5 | Andrés Már Jóhann. 5 |
| Baldvin Sturluson 5 | Albert Brynjar Ingas. 6 |
| Þorvaldur Árnason 5 | Ásgeir Örn Arnþórs. 6 |
| (62. Arnar Már Bjö. 6) | (90. Friðrik Ingi Þr. -) |
| ***Halldór Orri 7** | Pape Faye - |
| Ellert Hreinsson 5 | (18. Ásgeir Börkur 7) |
| (79. Ólafur Karl -) | Jóhann Þórhallsson 4 |

**Maður leiksins*

## ÍBV 3-1 Valur

Hásteinsvöllur, áhorf.: 919 Valgeir Valgeirsson (5)

*0-1 Baldur Aðalsteinsson (9.), 1-1 Danien Warlem (54.), 2-1 Tryggvi Guðmunds. (57.), 3-1 Tryggvi víti (79.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–6 (6–2) |
| Varin skot | Albert 1 – Kjartan 3 |
| Horn | 2–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–10 |
| Rangstöður | 4–3 |

| **ÍBV** 4–5–1 | **VALUR** 4–5–1 |
|---|---|
| Albert Sævarsson 6 | Kjartan Sturluson 7 |
| Matt Garner 6 | Stefán Eggertsson 6 |
| Rasmus Christiansen 7 | Atli Sveinn Þórarins. 6 |
| Eiður Aron Sigurbj. 6 | Reynir Leósson 5 |
| James Hurst 5 | Greg Ross 5 |
| Þórarinn Ingi Valdim. 4 | Arnar Sveinn Geirss. 6 |
| (45., Danien Warlem 7) | (84., Þórir Guðjónss -) |
| ***Tryggvi Guðm. 8** | Haukur Páll Sigurðss. 5 |
| Finnur Ólafsson 5 | Sigurbjörn Hreiðars. 6 |
| (45., Ásgeir Aron 7) | Ian Jeffs 6 |
| Andri Ólafsson 6 | (90., Jón Vilhelm Ák. -) |
| (Yngvi Borgþórsson -) | Baldur Aðalsteinsson 7 |
| Tony Mawejje 5 | (69. Guðm. Steinn 5) |
| Eyþór Helgi Birgisson 6 | Danni König 5 |

**Maður leiksins*

# Birgir Leifur og Tinna best

**Spennandi Íslandsmóti í golfi lauk í gær. Birgir Leifur Hafþórsson er kominn aftur á skrið eftir erfið bakmeiðsli og sýndi frábær tilþrif við erfiðar aðstæður í Kiðjaberginu í gær. Tinna Jóhannsdóttir var búin að bíða lengi eftir titlinum.**

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson úr Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar og Tinna Jóhannsdóttir úr Keili eru nýir Íslandsmeistarar í golfi eftir sigur á Íslandsmótinu í höggleik sem lauk á Kiðjabergsvelli í gær. Þetta er í fjórða sinn sem Birgir Leifur verður Íslandsmeistari en Tinna vann í fyrsta sinn.

Birgir Leifur vann Íslandsmótið með þriggja högga mun en hann lék holurnar 18 í gær á einu höggi undir pari og endaði mótið á pari. Kristján Þór Einarsson úr Kili lék mjög vel í gær og tryggði sér annað sætið með því að spila lokahringinn á tveimur höggum undir pari. Sigmundur Einar Másson úr GKG varð í þriðja sæti.

„Þetta er rosalega ljúft og nauðsynleg vítamínsprauta fyrir mann," segir Birgir Leifur en hann er að koma til baka eftir erfið bakmeiðsli og sigurinn var því stórt skref fyrir hann að sýna að hann er að komast á sinn gamla stall.

Birgir Leifur var einnig Íslandsmeistari 1996, 2003 og 2004. „Þetta er alltaf jafn ljúft en auðvitað er það extra ljúft núna eftir að hafa lent í þvílíku bakslagi síðasta haust. Þetta var gríðarlegt prófraun á skrokkinn. Bæði er þetta erfiður völlur fyrir fótinn, hann var harður og mikið upp og niður. Það var líka mikill vindur í dag sérstaklega, þannig að þetta var alvöru prófraun á stöðuna á mér og ég er rosalega sáttur með það sem er að gerast," segir Birgir Leifur.

Birgir Leifur stakk andstæðinga sína hreinlega af á þrettándu holu og náði síðan mest sex högga forskoti. „Þeir gerðu náttúrulega stór mistök á 13. holu á meðan ég fékk fugl. Þá skildu leiðir aðeins," sagði Birgir. „Það sem skóp þetta í dag var að ég sló gríðarlega góð golfhögg í vindinum. Ég var aldrei í vandræðum og það var rosalega notalegt," segir Birgir Leifur. „Það var alveg æðislegt að leika undir pari í þessum aðstæðum," segir Birgir Leifur sem byrjaði daginn einu höggi á eftir Sigmundi Einari Mássyni.



**ÍSLANDSMEISTARAR 2010** Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG og Tinna Jóhannsdóttir úr GK. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tinna Jóhannsdóttir fylgdi á eftir góðum þriðja hring hjá sér og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn með flottum lokahring í gær. Hin 17 ára Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR var með eins höggs forustu eftir fyrstu þrjá daga mótsins en hún gaf eftir á síðustu níu holunum og varð að sætta sig við annað sætið.

„Þetta er búið að vera lengi markmið hjá mér þannig að það er frábært að þetta hafðist loksins," segir Tinna sem byrjaði mótið ekki vel. „Það gekk ekkert upp á fyrstu tvo dagana en ég tók það aðeins í gegn fyrir síðustu tvo dagana. Ég fór þá að finna fyrir aðeins meira sjálfstrausti á flötunum og þá gekk þetta allt miklu betur," segir Tinna.

Tinna lék lokahringinn á sex höggum yfir pari eftir að hafa farið þriðja hringinn á parinu. Tinna lék alls holurnar 72 á 22 höggum yfir pari og vann mótið með tveggja högga mun.

„Ég myndi segja að laugardaginn hafi verið lykildagurinn fyrir mig því þar náði ég að koma mér í möguleika fyrir lokadaginn," segir Tinna og bætir við: „Ég verð að segja að „driverinn" var besti vinurinn minn í þessu móti. Ég var aldrei í neinu veseni. Mér leið alltaf langbest á teignum en fór síðan að líða verr og verr eftir því sem ég nálgaðist flatirnar," sagði Tinna.

ooj@frettabladid.is

Framarar enduðu sigurgöngu Blika og FH vann Hafnarfjarðarslaginn örugglega:

# ÍBV á toppnum yfir þjóðhátíð

**FÓTBOLTI** Eyjamenn unnu sinn fimmta deildarsigur í röð og náðu þriggja stiga forskoti á toppi Pepsi-deildar karla eftir 3-1 heimasigur á Val í gær.

Framarar hjálpuðu Eyjamönnum með því að vinna 3-1 sigur á Blikum sem töpuðu þar með sínum fyrsta leik síðan 14. júní. FH-ingar unnu sannfærandi 3-1 sigur á Haukum í Hafnarfjarðarslagnum og Halldór Orri Björnsson tryggði Stjörnunni sigur á Fylki með sigurmarki úr vítaspyrnu í uppbótartíma.

Suður-Afríkumaðurinn Danien Justin Warlem kom inn á sem varamaður í hálfleik hjá Eyjamönnum og breytti leiknum fyrir ÍBV-liðið með því að skora eitt mark og leggja upp annað áður en tólf mínútur voru liðnar. Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö seinni mörk Eyjamanna í leiknum en hann var færður út á hægri kant í hálfleik. Sigurinn þýðir að Eyjamenn eru komnir með þriggja stiga forskot og verða á toppnum yfir þjóðhátíð.

Framarar skelltu Blikum niður á jörðina með 3-1 sigri í Laugardalnum þar sem öll mörk Framliðsins komu í fyrri hálfleik.

FH-ingar unnu sannfærandi 3-1 sigur á Haukum í Hafnarfjarðarslagnum í Kaplakrika. Atli Viðar Björnsson skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja.

„Við komum ákveðnir til leiks og keyrðum yfir þá. Ef einhver var í vafa um hvert sé stóra fótboltaliðið í Hafnarfirði þá er það ljóst eftir kvöldið í kvöld," sagði Atli Viðar í leikslok.

Úrslit, tölfræði og einkunnir allra leikmanna í leikjunum fimm í gær má finna hér á síðunni auk þess sem frekari umfjöllun um leikina og viðtöl eru inni á Vísi.is.

- óój



**Í SITT HVORU LIÐINU** Tvíburarnir Arnar Gunnlaugsson íHaukum og Bjarki Gunnlaugsson í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT & STAÐA

### Visa bikar kvenna

| | |
|---|---|
| Valur-Þór/KA | 3-0 |
| 1-0 Kristín Ýr Bjarnadóttir (70.), 2-0 Kristín Ýr (81.), 3-0 Kristín Ýr, víti (88.). | |
| ÍBV-Stjarnan | 1-2 |
| 0-1 Sjálfsmark (45.), 0-2 Lindsay Schwartz (56.), 1-2 Antonia Roberta Carelse (60.) | |

**Valur** og **Stjarnan** mætast í bikarúrslitaleiknum á Laugardalsvellinum 15. ágúst. Valur er komið í úrslitaleikinn þriðja árið í röð en Stjarnan hefur ekki verið þar síðan 1993.

### Pepsi-deild karla - staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **13** | **9** | **2** | **2** | **22-10** | **29** |
| Breiðablik | 13 | 8 | 2 | 3 | 29-16 | 26 |
| **FH** | **13** | **6** | **4** | **3** | **24-19** | **22** |
| Fram | 13 | 5 | 5 | 3 | 21-18 | 20 |
| **Keflavík** | **12** | **5** | **4** | **3** | **12-13** | **19** |
| Valur | 13 | 4 | 6 | 3 | 21-21 | 18 |
| **Stjarnan** | **13** | **4** | **5** | **4** | **23-21** | **17** |
| KR | 12 | 4 | 4 | 4 | 20-18 | 16 |
| **Fylkir** | **12** | **4** | **3** | **5** | **24-24** | **15** |
| Grindavík | 12 | 2 | 2 | 8 | 12-22 | 8 |
| **Selfoss** | **13** | **2** | **2** | **9** | **15-29** | **8** |
| Haukar | 13 | 0 | 7 | 6 | 16-28 | 7 |

## Fram 3-1 Breiðablik

Laugardalsv., áhorf.: Óuppg. Magnús Þórisson (8)

*1-0 Hjálmar Þórarinsson (9.), 2-0 Almarr Ormarsson (22.), 3-0 Jón Guðni Fjóluson (42.), 3-1 Guðmundur Kristjánsson (72.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–11 (5–9) |
| Varin skot | Hannes 6 – Ingvar 3 |
| Horn | 4–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 22–19 |
| Rangstöður | 4–1 |

| **FRAM** 4–5–1 | **BREIÐAB.** 4–5–1 |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórs. 5 | Ingvar Þór Kale 4 |
| Daði Guðmundsson 6 | Arnór Sveinn Aðalst. 5 |
| Kristján Hauksson 7 | Elfar Freyr Helgason 5 |
| Jón Guðni Fjóluson 7 | (63. Haukur Baldv. 6) |
| Samuel Lee Tillen 6 | Kári Ársælsson 5 |
| Joseph Edward Tillen 7 | Árni Kristinn Gunn. 4 |
| (86., Jón Orri Ólafs. -) | Olgeir Sigurgeirsson 4 |
| Jón Gunnar Eysteins. 6 | (46. Andri Rafn 6) |
| ***Halldór Hermann 8** | Jökull Elísarbetarsson 5 |
| Tómas Leifsson 6 | Finnur Orri Marg. 6 |
| (73., Kristinn Ingi -) | Guðmundur Kristjáns.6 |
| Almarr Ormarsson 7 | Kristinn Steindórsson 5 |
| Hjálmar Þórarinsson 7 | (46., Guðm. Péturs. 5) |
| (80., Guðm. Magnús. -) | Alfreð Finnbogason 6 |

**Maður leiksins*

## FH 3-1 Haukar

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 2726 Gunnar Jarl Jónsson (8)

*1-0 Atli Viðar Björnsson (36.), 2-0 Atli Viðar (56.), 3-0 Ólafur Páll Snorrason (62.)., 3-1 Arnar Gunnlaugss., víti (65.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–6 (7–2) |
| Varin skot | Gunnleifur 1 – Daði 4 |
| Horn | 10–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–14 |
| Rangstöður | 6–0 |

| **FH** 4–3–3 | **HAUKAR** 4–5–1 |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifs. 6 | Daði Lárusson 7 |
| Freyr Bjarnason 5 | Gunnar Ásgeirsson 4 |
| Tommy Nielsen 6 | Daníel Einarsson 5 |
| Pétur Viðarsson 5 | Guðmundur Mete 5 |
| Guðm. Sævarsson 6 | (42. Magnús Björg. 5) |
| (79. Jón Ragnar Jóns. -) | Úlfar Hrafn Pálsson 4 |
| Björn Daníel Sverris. 8 | (79. Pétur Örn Gíslas.-) |
| Matthías Vilhjálmss. 7 | Hilmar Geir Eiðsson 4 |
| Bjarki Gunnlaugsson 6 | Kristján Ómar Björn. 4 |
| (83. Gunnar Már -) | Jamie McUnnie 6 |
| ***Ólafur Páll Snorr. 8** | Ásgeir Ingólfsson 5 |
| Atli Guðnason 7 | Arnar Gunnlaugsson 6 |
| Atli Viðar Björnsson 8 | (79. Garðar Geirsson -) |
| | Hilmar Rafn Emilss. 6 |

**Maður leiksins*

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Gæða-múrvörur í BYKO!

Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Mikið úrval af múrvörum fyrir stór og smá múrverk. Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður tryggja betri endingu.
Í BYKO færðu gæðamúrvörur á frábæru verði.



BYKO

EXPO · www.expo.is

## > Jay Leno

„Hérna er eitthvað til þess að hugsa um: Af hverju sér maður aldrei fyrirsagnir á borð við „Miðill vinnur í Lottó““?

***Jay Leno er að venju á dagskrá SkjásEins kl. 22.30 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON FER EFTIR RÁÐLEGGINGUM VINKONU

# *Gott kvöld, góðir gestir*

Ein vinkona mín viðurkenndi fyrir stuttu að hún hefði kolfallið fyrir spjallþáttum ofurfyrirsætunnar Tyru Banks. Þátturinn ber einfaldlega nafnið The Tyra Banks Show og tekur fröken Banks á ýmsum stórmerkilegum málefnum.

Þættirnir er ekki sýndir hér á landi enn sem komið er og því þarf að leita á náðir YouTube vilji maður horfa á þessa gullmola. Þættirnir eru sérstaklega fróðlegir en hafa einnig mikið skemmtanagildi og fær þáttastjórnandinn ýmsa kynlega kvisti í heimsókn til sín.

Einn þátturinn fjallaði um mæður sem ala dætur sínar upp í þeirri trú að best sé að giftast til fjár. Í þeim þætti rifust



fégráðugu mæðurnar við aðrar mæður sem höfðu kennt dætrum sínum að giftast aðeins vegna ástar. Í öðrum þætti spjallaði hún við mann sem trúir því að hann sé í raun vampíra, drekkur mennskt blóð og sefur í kistu og í enn öðrum fær hún í heimsókn konur sem hafa farið í lýtaaðgerðir til lækna sem starfa á svörtum markaði og hafa beðið varanlegan skaða af. Aðrir gestir Tyru voru lítil, þeldökk stúlka sem þráði ekkert heitar en að verða hvít á hörund og fjölskylda þar sem fjölskyldumeðlimirnir voru hver öðrum fordómafyllri.

Gestir Tyru Banks og umfjöllunarefnið gerir það að verkum að þættirnir minna á blöndu af þáttum Jerry Springer og hinum gamalkunnu sjónvarpsþáttum America's Next Top Model. Aðdáendur þessara þátta ættu því að geta haft gaman af The Tyra Banks Show.

## MÁNUDAGUR



▶ **19.30** The Doctors STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** Stardust STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Glee STÖÐ 2



▶ **21.15** Lífsháski RÚV



▶ **22.00** Pepsímörkin 2010 STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Stiklur – Þar sem tíminn streymir en stendur kyrr 888** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Kínverskar krásir** (Chinese Food Made Easy)

**18.00 Pálína**

**18.05 Herramenn**

**18.15 Sammi**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Matarhönnun** (Food Design) Skyggnst er að tjaldabaki í matvælaverksmiðju þar sem hönnuðir og vísindamenn velta því fyrir sér hvernig munnfylli morgundagsins skuli líta út.

▶**21.15 Lífsháski** (Lost VI) Síðasta þáttaröðin af Lífsháska er æsispennandi og nú ættu línurnar að fara að skýrast.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. Umsjónarmaður er Hjörtur Hjartarson og með honum eru Andri Sigþórsson og Hjörvar Hafliðason.

**23.05 Leitandinn** (Legend of the Seeker). Bandarísk ævintýraþáttaröð.

**23.50 Framtíðarleiftur** (Flash Forward)

**00.35 Kastljós** (e)

**01.05 Fréttir** (e)

**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Stardust**

**08.15 Cats & Dogs**

**10.00 I't's a Boy Girl Thing**

**12.00 Hoodwinked**

**14.00 I't's a Boy Girl Thing**

**16.00 Cats & Dogs**

**18.00 Hoodwinked**

▶**20.00 Stardust**

**22.05 Across the Universe**

**00.15 Edison**

**02.00 Tube**

**04.00 Across the Universe**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:6)

**10.50 Cold Case** (9:22)

**11.45 Falcon Crest II** (7:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Lucky You** Rómantísk gamanmynd með Drew Barrymore og Eric Bana.

**15.05 ET Weekend**

**15.55 Saddle Club**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 Two and a Half Men** (12:24)

**19.40 How I Met Your Mother** (10:22)

▶**20.05 Glee** (21:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**20.55 So You Think You Can Dance** (10:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 9 bestu dansararnir eru eftir í keppninni.

**22.20 So You Think You Can Dance** (11:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**23.05 Torchwood** (5:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.

**23.55 Cougar Town** (6:24)

**00.20 White Collar**

**01.05 Gavin and Stacy** (2:7)

**01.35 Flying Dragon, Leaping Tiger** Kínversk hasar- og bardagamynd af bestu gerð.

**03.10 Lucky You** Rómantísk gamanmynd með Drew Barrymore og Eric Bana.

**05.10 The Simpsons**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsí deildin 2010** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**16.45 RBC Canadian Open** Útsending frá RBC Canadian Open mótinu í golfi en til leiks voru mættir nokkrir af snjöllustu kylfingum heims.

**19.45 Pepsídeildin 2010** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

▶**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða á sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**23.00 Pepsídeildin 2010** Útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**00.50 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsídeildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða á sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 New York Football Challenge 20** New York Red Bulls - Man. City

**16.30 New York Football Challenge 20** Tottenham - Sporting Lissabon

**18.15 New York Football Challenge 20** New York Red Bulls - Man. City

**20.00 Football Legends** (Ronaldo) Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldo eða „Rögnvald reginskyttu" eins og hann hefur stundum verið kallaður her á landi. Ronaldo sýndi frábæra takta með Barcelona og Inter meðal annars og sýndi hvers hann var megnugur á HM 1998 og 2002.

**20.30 HM 2010** (Þýskaland - England) Útsending frá leik Þýskalands og Englands í 16-liða úrslitum á HM 2010.

**22.20 HM 2010** (Spánn - Portúgal) Útsending frá leik Spánverja og Portúgals í 16-liða úrslitum á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Top Chef** (8:17) (e)

**19.00 Real Housewives of Orange County** (3:15)

**19.45 King of Queens** (15:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**20.10 90210** (22:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.

**20.55 Three Rivers** (8:13) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

**21.40 CSI** (22:23) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Fyrri hluti æsispennandi lokaþáttar þar sem Ray Langston (Laurence Fishburne) er sakaður um að tengjast Dr. Jekyll morðunum.

**22.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.15 Law & Order: UK** (12:13) (e) Bresk sakamálasería um lögreglumenn og saksóknara í London sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.

**00.05 In Plain Sight** (5:15) (e)

**00.50 King of Queens** (15:23) (e) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldhús meistaranna** Maggi í Panorama og Björn í Domo grilla heila nautalund og lúðu.

**20.30 Golf fyrir alla** Brynjar og Óli kynna Grafarholts- og Korpuvelli.

**21.00 Frumkvöðlar** Alltaf eitthvað nýtt hjá Elinóru.

**21.30 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur og eldhúsmeistara í öndvegi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

**So You Think You Can Dance**



Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins níu bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram. Í hverri viku eru keppendur paraðir upp við stjörnur fyrri þátta og þurfa að gefa sig alla í að skína skærar en þær. Í seinni þættinum eru svo úrslit atkvæðisgreiðslu kunngjörð og kemur þá í ljós hvaða átta dansarar komast áfram.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Torchwood

### Stöð 2 kl. 23.05

Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa. Liðsmenn sveitarinnar eru gæddir sérstökum hæfileikum sem nýtast þeim vel í baráttu við ill öfl sem vilja mannkyninu mein.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót Á flakki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hringsól Í Úganda
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar (1.6)
**15.25** Fólk og fræði Harmonikkan
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi 2010
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Silfuröld revíunnar 10. þáttur.
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður (9.13)
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Girni, grúsk og gloríur
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur (14.19)
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 E.R.** (8:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Monk** (5:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

**22.30 Lie to Me** (7:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum.

**23.15 The Tudors** (2:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda. Þótt Hinrik sé hvað kunnastur fyrir deilur við kaþólsku kirkjuna þá er hans ekki síður minnst fyrir kvennamálin.

**00.05 E.R.** (8:22)

**00.50 The Doctors**

**01.35 Sjáðu**

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** My Family **13.10** My Family **13.40** After You've Gone **14.10** My Hero **14.40** The Weakest Link **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** After You've Gone **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** Little Britain **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** Little Britain **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** After You've Gone **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** Little Britain

## DR 1

**12.00** De vrede børn **13.00** Sommertid **13.30** Diagnose soges **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Stor & Lille **15.40** Postmand Per **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Og det var Danmark **17.30** Ønskehaven **18.00** Flådens historie **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2010 **20.00** Horisont Special **20.50** Taggart **22.00** Så er der pakket **22.25** Naruto Uncut **22.45** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.10** Dynastiet **13.00** Dynastiet **13.50** Rally **14.20** Drivhusdrømmer **14.50** Smaken **15.20** Ut i naturen. Norges eldste fjell **15.50** Poirot. Den tilslørte damen **16.40** Duften **17.05** 30 Rock **17.30** Kroppen. Duft **18.00** Oddasat **18.05** Nyheter på tegnspråk **18.10** Tinas **18.40** Norge i dag **19.00** Dagsrevyenmed **19.30** Doktoren **20.00** Menneskets store vandring **20.50** Glimt av Norge **21.00** Dagsrevyen **21.30** Sommeråpent **22.20** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.15** Kveldsnyttmed sport **23.30** Krøniken

## SVT 1

**12.20** Barnen från Frostmofjället **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hemma hos **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Hemliga svenska rum **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Pusselbitar **20.00** Gråta med ett leende **22.00** The Tudors **22.50** Roslings värld **23.50** Arvet från koncentrationslägren




## Ostabakki - à la franskur

Dalahringur, steyptur piparostur, gráðaostur, kryddaður Havarti, hvítur Kastali og Stóri Dímon. Undirstaðan á þessum ostabakka eru ferskir ávextir, gott og frekar gróft brauð, hunang, hnetur, ávaxtamauk og portvín. Það er um að gera að prófa sig áfram með hina ýmsu osta og bragðsamsetningar.




**Stóri Dímon**
Hvít- og blámygluostur. Þéttur ostur þar sem myglan er einnig inni í ostinum. Milt og rjómakennt bragð. Langt eftirbragð. Ómissandi ostur hjá öllum ostaaðdáendum. Einn af stóru ostunum frá MS.

# OSTAVEISLA FRÁ MS

### Fylltir ostar

**Gullostur** fylltur með rommlegnum rúsínum, þurrkuðum apríkósum og sultuðum fíkjum. Síðan er sætu apríkósumauki smurt yfir ostinn.

**Stóri Dímon** fylltur með fersku basil, grilluðu eggaldini og ofn- eða sól-þurrkuðum tómötum. Pinnum með ferskum tómötum, basil og steyptum ítölskum osti er síðan stungið ofan í ostinn.

**Dala-brie** með gráðaostafyllingu, þ.e. 2 msk. af stöppuðum gráðaosti ásamt 2 msk. af mascarpone-osti. Skreytið ostinn með pekanhnetum og hellið síðan hunangi yfir.

### Ostasamlokur

- Með bræddum Óðalsosti, skinku, sætu sinnepi, basil og papriku.
- Með heitum camembert, hálfum rauðum vínberjum, fínsöxuðu rósmaríni og svörtum pipar.
- Með Dala-Yrju, eggaldini og hráskinku, sýrðum rjóma og basil.

### Ostasnittur

- Með salati, krydduðu mangó, stórri ostsneið, Dalahring, tveimur risarækjum, límónu og kóríander
- Með sól- eða ofnþurrkuðum tómat, grillaðri papriku, ólífu, basillaufi, hráskinku og sneið af Dalahring.
- Með salati, sneið af hvítum Kastala, grillaðri papriku og grilluðu eggaldini.



MJÓLKURSAMSALAN

FABRIKAN

## VERSLUNARMANNAHELGIN



*„Ég er að fara á þjóðhátíð, ætla að reyna að djamma eitthvað þar. Allir í vinahópnum bíða spenntir. Þetta verður vonandi geðveikt gaman hjá okkur eins og í fyrra.“*

Júlí Heiðar Halldórsson poppari.

# Félagar þrátt fyrir ólíkar skoðanir

„Við erum góðir félagar og maður lætur þetta ekkert á sig fá,“ segir Erpur Eyvindarson rappari um samstarf hans og söngvarans Henrik Biering í laginu Keyrumettígang en það hefur vakið athygli að kapparnir eru hvor á sínum endanum í pólitík. Erpur er þekktur fyrir að liggja ekki á sínum vinstri sinnuðum stjórnmálaskoðunum á meðan Henrik er sjálfstæðismaður.

„Já, ég reyni nú bara að komast hjá því að ræða um pólitík við hann,“ viðurkennir Henrik sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum. „Ég hef áður gefið út lagið íslenskt bagg, sem varð nokkuð vinsælt,“ segir Henrik en hann er nýkominn heim úr námi í Danmörku og stefnir í viðskiptafræði í Háskóla Íslands í haust. „Ég ætla mér að halda áfram í tónlistinni og mun örugglega troða upp með Erpi á einhverjum tónleikum í vetur. Við erum góðir félagar og stjórnmálaskoðanir skipta engu máli“

Lagið, sem einnig er með söngvaranum Friðriki Dór, er unnið af strákunum í Stop Wait Go og hefur notið vinsælda upp á síðkastið. Það mun hljóma á á væntanlegri plötu Erps og á Pottþétt 53.

„Ég þekki alls konar fólk og læt það ekki á mig fá þótt hann sé með aðra skoðun en ég. Það væri samt ekkert verra ef Henrik mundi hætta þessu sjálfstæðisrúnki sínu,“ segir Erpur hlæjandi og bætir við að fyrst Davíð Oddson og Þórarinn Eldjárn hafi getað unnið saman í gamla daga, en þeir voru saman með þætti á útvarpstöðinni Matthildur, þá ættu þeir Henrik ekki að vera í vandræðum með sitt samstarf í tónlistinni. **- áp**



**HÆGRI GEGN VINSTRI** Henrik Biering og Erpur Eyvindarson láta ólíkar stjórnmálaskoðanir ekki hafa áhrif á sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/BIGGI



**LÁRÉTT**
**2.** vanþóknun, **6.** mjöður, **8.** sauðagarnir, **9.** hafið, **11.** tvö þúsund, **12.** högni, **14.** stinga, **16.** skammstöfun, **17.** kopar, **18.** örn, **20.** grískur bókstafur, **21.** óvild.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þurft, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** angan, **7.** ávöxtur, **10.** andmæli, **13.** atvikast, **15.** einsöngur, **16.** ris, **19.** þófi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** svei, **6.** öl, **8.** vil, **9.** rán, **11.** mm, **12.** fress, **14.** pikka, **16.** þe, **17.** eir, **18.** ari, **20.** pí, **21.** kala.

**LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** ilm, **7.** lárpera, **10.** neí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** þak, **19.** il.



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Paula Wagner ásamt Tom Cruise og eiginkonu hans Katie Holmes. Wagner og Cruise hafa unnið náið saman á undanförnum árum. NORDICPHOTOS/GETTY

KRISTINN ÞÓRÐARSON: ÞETTA GERBREYTIR ÖLLU FYRIR OKKUR

# Framleiðandi Toms Cruise í viðræðum við Íslendinga

Bandaríski kvikmyndaframleiðandinn Paula Wagner, sem hefur unnið náið með Tom Cruise, er í viðræðum við þá Richard Scobie og Kristin Þórðarson um að taka þátt í framleiðslu kvikmyndar eftir handriti þeirra, 66 gráður norður. „Þetta einfaldlega gerbreytir öllu fyrir okkur og setur ákveðinn gæðastimpil á verkefnið sem við höfðum ekki áður,“ segir Kristinn sem starfar sem framleiðandi hjá Sagafilm. Hann framleiðir einnig myndina ásamt Richard og Edwinu Fork frá Írlandi.

Wagner er stórlax í Hollywood og hefur unnið í fjölda ára með Tom Cruise. Til að mynda hefur hún framleitt allar Mission Impossible-myndirnar, Valkyrie, War of the Worlds og The Last Samurai. „Við fórum á fund með Paulu í byrjun júní og höfum síðan verið í góðu sambandi við hana. Paula er búin að lesa handritið og er mjög hrifin af því og í beinu framhaldi hófust viðræður við hana. Auk þess standa nú yfir samningaviðræður við leikara en ekki er hægt að gefa upp að svo stöddu við hverja er verið að tala við,“ segir Kristinn.

**KVIKMYNDIR PAULU WAGNER:**

- Mission Impossible 1-4
- The Last Samurai
- War of the Worlds
- Valkyrie
- The Others
- Vanilla Sky
- Death Race
- Elizabethtown

Handritið að 66 gráður norður var valið inn á Co-pro hátíðina í Los Angeles í byrjun júní eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Hátíðin er haldin af framleiðendafélagi Bandaríkjanna, The Producers Guild of America, og eru fimm erlend handrit valin á hverju ári sem þykja hvað líklegust til að hljóta náð fyrir augum samframleiðenda í Bandaríkjunum. Margir þekktir framleiðendur óskuðu eftir fundum með Íslendingunum og sýndi Wagner handritinu hvað mestan áhuga.

66 gráður norður er spennutryllir í anda Hitchcock-myndanna og The Others, sem Wagner framleiddi. Um 20 prósent myndarinnar verða tekin upp hér á landi en afgangurinn á Írlandi. Stefnt er að því að tökur hefjist næsta sumar í leikstjórn Egils Arnar Egilssonar, eða Eagle Egilssonar, og verður þetta fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd. Framleiðsluáætlun hljóðar upp á um fimm milljónir evra, eða tæpar átta hundruð milljónir króna.

„Við erum að vinna í að púsla þessu saman. Við vonumst eftir því að það verði sæmilega stór „casting“ skrifstofa í Bretlandi sem aðstoði okkur við að finna leikara í aðalhlutverkin,“ segir Kristinn. Líklegt er að Íslendingar fari með einhver aukahlutverk í myndinni en stóru hlutverkin verða í höndum þekktra erlendra leikara, enda verður myndin öll á ensku.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fatahönnuðurinn **Una Hlín Kristjánsdóttir** er stödd á Indlandi þessa dagana þar sem hún undirbýr framleiðslu næstu fatalínu sinnar, en hún hannar undir heitinu Royal Extreme. Ferð Unu Hlínar til Indlands hefur verið ævintýri líkust og hlaut hún meðal annars einstaklega fallegan sari að gjöf frá samstarfsfélögum sínum. En sari er hefðbundið klæði indverskra kvenna og getur verið sérlega skrautlegt og fallegt.

Una Hlín er einnig í hópi þeirra íslensku fatahönnuða sem taka þátt í Tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem fram fer dagana 12. til 14. ágúst. Aðstandendur hátíðarinnar hyggjast koma sér í spjöld sögunnar með því að vera með lengsta sýningarpall heims og komast þannig í hóp Guinness heimsmethafa. Strikinu verður breytt í sýningarpall og munu tvö hundruð fyrirsætur ganga eftir götunni klæddar flíkum frá ýmsum hönnuðum. Ekki er þó vitað til þess að íslensku hönnuðirnir ætli að taka þátt í þessum stórviðburði.

Hótelleik Radisson SAS hótelanna er nú lokið og verður sigurvegari keppninnar kynntur innan skamms. Vinkonurnar Aníta Hafdís Björnsdóttir og Ása Rán Einarsdóttir voru á meðal þeirra Íslendinga sem létu reyna á heppnina. Stúlkurnar seldu allar eigur sínar fyrir jól og eru nú á ferð um heiminn og stunda svifvængjaflug og því hefði hótelgisting komið sér vel. Þær stöllur fengu þó ekki nógu mörg atkvæði og féllu því úr leik. **- sm**








# Tók tónlistarmyndband upp á síma

„Ég þurfti bara að hlaða símann einu sinni í þennan eina og hálfa dag sem tökurnar stóðu yfir,“ segir Isak Winther, grafískur hönnuður, sem tók upp myndband við lagið Þriggja daga vakt en það sem þykir óvanalegt við myndabandið er að það var allt tekið upp gegnum myndavél á síma.

„Ég er ánægður með útkomuna en við vildum búa til ákveðna stemmingu í kringum lagið. Gera þetta svona aðgengilegra fyrir fólk með því að nota þessa tækni. Sýna fólki að það er ekkert mál enda flestir símar komnir með flotta tækni sem hægt er að leika sér með,“ segir Ísak og bætir við að myndbandið hafi alltaf átt að vera ódýrt í framleiðslu. „Við vildum ekki gera myndband í háskerpu með óhreyfðum römmum heldur var það þetta símamyndbandsútlit sem við vorum að sækjast eftir. Gera eitthvað sem allir geta gert sjálfir í sínum símum.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu er lagið Þriggja daga vakt samstarf hljómsveitanna NýDönsk, Gus Gus og Hjaltalín en sveitirnar munu koma fram á Akureyri um verslunarmannahelgina á hátíð sem gengur undir sama nafni.

„Við vorum alveg svakalega heppin að fá Daníel Ágúst Haraldsson með okkur í lið en hann leikur aðalhlutverkið í myndbandinu ásamt nokkrum statistum, en hann er náttúrulega öllu vanur,“ segir Ísak en þetta er í fyrsta sinn sem hann tekur upp tónlistarmyndband.

Í sjálfu myndbandinu eru dansandi krakkar með munstraða kassa á hausnum í stóru hlutverki. „Við völdum mikla athygli hvert sem við fórum að taka upp enda ekki vanalegt að sjá dansandi fólk með kassa á hausnum víðs vegar um borgina. Þetta var mjög gaman,“ segir Ísak. **- áp**



**MEÐ SÍMANN AÐ VOPNI** Ísak Winther, grafískur hönnuður, tók upp myndband við lagið Þriggja daga vakt á venjulegan farsíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ALLIR VINNA

# Hagstæð lán til framkvæmda

Landsbankinn leggur sitt af mörkum til hvatningarátaksins Allir vinna og býður viðskiptavinum hagstæð lán til framkvæmda og endurbóta á íbúðarhúsnæði. Engin lántökugjöld eru tekin til 1. desember.

**Lán til góðra verka**

Til 1. desember verður boðið upp á allt að 2 milljóna króna óverðtryggt lán á 5,80% vöxtum til 5 ára. Lánið er veitt gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdunum.

- 5,80% óverðtryggðir vextir
- Allt að 2 milljóna króna lán með veði í fasteign eða 1 milljón án veðs
- Engin lántökugjöld
- Umsóknarfrestur er til 1. desember

**Framkvæmdalán**

Í boði eru verðtryggð eða óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum á sömu kjörum og bjóðast við kaup á fasteign. Lánað er til endurbóta innan- og utanhúss, t.d. endurnýjunar á þaki, lögnum eða innréttingum, til lóðaframkvæmda, hellulagningar eða smíði sólpalla.

- Vextir ákvarðast af hlutfalli veðsetningar
- Lágmarkslánsfjárhæð er 500.000 krónur
- Lánstími til allt að 30 ára
- Engin lántökugjöld til 1. desember

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.




ENNEMM / SÍA / NM42948

**LÁN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Osment á Íslandi

Leikarinn Haley Joel Osment, sem sló í gegn í hlutverki Cole Sear í kvikmyndinni The Sixth Sense, er staddur hér á landi ásamt vini sínum til að fagna útskrift sinni. Leikarinn sást meðal annars á Prikinu og á Kaffibarnum þar sem hann hlustaði á plötusnúðana Gísla Galdur og Benna B-Ruff þeyta skífum. Leikarinn var afskaplega hrifinn af tónlistinni sem plötusnúðarnir léku og fékk hann meira að segja leyfi hjá piltunum til að velja eitt óskalag og varð lagið Massage Situation með hljómsveitinni Flying Lotus fyrir valinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var leikarinn afskaplega viðkunnanlegur og lét hann lítið fyrir sér fara.



### Nýtt andlit á skjánum

Heyrst hefur að búið sé að ganga frá ráðningu nýs spyrils í Gettu betur en Eva María Jónsdóttir mun ekki halda áfram í starfinu. Síðustu spyrlar hafa allir verið margreyndir sjónvarpsmenn en í þetta skiptið hefur nýgræðingur verið valinn í starfið. Sá mun vera 24 ára gömul stúlka að nafni **Edda Hermannsdóttir**. Edda þessi hefur unnið undir Sigrúnu Stefánsdóttur, dagskrárstjóra sjónvarps, og var valin af henni til starfans. Edda er í hagfræðinámi við Háskóla Íslands og leiddi lista Röskvu í síðustu Stúdentaráðskosningum. Edda á ekki langt að sækja sjónvarpsáhugann því hún er dóttir sjálfs Hemma Gunn sem stýrði þættinum árið 1987.

**- sm, kg**



### Mest lesið visir.is

1. Harmi slegnir yfir slysinu
2. Maður skallaður í miðbænum
3. Þingmaður VG: Mun ekki heldur styðja ríkisstjórnina
4. Mikil ölvun á Mærudögum
5. Lýst eftir Jóni Helga
6. Ómar Ragnarsson tók lagið





SÓL | BORGIR | ÆVINTÝRI | SKÍÐI | GOLF | ÍÞRÓTTIR




## Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarða heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum. Þeir sem njóta þess að versla munu einnig geta svalað þorsta sínum í öllum þeim glæsilegu verslunarmiðstöðvum sem Orlando hefur uppá að bjóða, og ber þá helst að nefna Florida Mall, Premium Outlet og margar fleiri. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan. Bókaðu núna á urvalutsyn.is og tryggðu þér þitt sæti!




ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000



**Alamo Vacation Homes**
Íbúð með 3 svefnherbergjum.
VERÐ FRÁ:
**88.500kr.***
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur



**Staybridge Suites**
Íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði.
VERÐ FRÁ:
**97.600kr.***
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur



**Baymont Inn**
Herbergi með morgunverði.
VERÐ FRÁ:
**86.800kr.***
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**